

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Ásvellir, Haukasvæði, breyting á deiliskipulagi.

Á fundi bæjarráðs 1. júlí síðastliðinn var eftirfarandi tekið fyrir: Mál nr. 0809375 - Ásvellir, Haukasvæði, breyting á deiliskipulagi, 5. liður fundargerðar skipulags- og byggingaráðs frá 29. júní 2021.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti 20. apríl 2021 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Haukasvæðisins á ný. Bæjarstjórn staðfesti samþykkt ráðsins á fundi sínum 28. apríl 2021.

Uppfærð umhverfisskýrsla var auglýst samhliða auglýsingu um breytt deiliskipulag. Tillagan var auglýst frá 8. maí til 21. júní 2021. Athugasemdir bárust. Lagt var fram svar við athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða umsögn vegna athugasemda sem bárust við auglýstu deiliskipulagi, jafnframt er erindinu vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar og að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar staðfestir afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs.

Með bréfi Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021 er það niðurstaða stofnunarinnar að fyrirhuguð framkvæmd kunní að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir íbúðarbyggð, færslu á íþróttavöllum og knatthúsi. Gögn eru uppfærð m.t.t. bréfs Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 26. júlí 2021.

Pormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. júlí 2021